

Samstarf sveitarfélaga innan SSH**Samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara****Vinnustofa um bráðgera nemendur****Sjálandsskóli 28. nóvember 2014 kl. 14.15-16**

Niðurstöður hópa við þremur spurningum raðað saman eftir forgangsröðun þátttakenda (tala innan sviga merkir atkvæðafjölda frá þátttakendum sem stýrir forgangsröðun á framsetningu hér)

1. Hverjir eru bráðgerir nemendur og hvaða þarfir hafa þeir?

- Athuga að leyfa þeim að grúska í ýmsum málefnum, á netinu, fara langt út fyrir námsefnið. (4)
- Mikla einstaklingsmiðun í námi og aðra nálgun. (4)
- Þeir nemendur sem hafa háa greind á öllum greindum (Gardner). (3)
- Nemendur sem skara framúr á einhverju sviði, s.s. listum, stærfræði, tungumálum, bóklegu námi, íþróttum. (2)
- Horfa til misþroska/veikleika (sjálfsmynd, félagsleg staða) sem valda því að einstaklingur nær ekki að nýta sér skólann/ kerfið. (2)
- Þessir nemendur hafa sérstök áhugamál. Þau geta farið út í trúðslæti, hafa þarf gott samband og samstarf við foreldra. Hafa djúpan orðaforða. Þeir skora hæst á kúrfunni. Þeir eru oft einrænir. Þeir spyrja oft djúpra spurninga. (1)
- Greiningar, viðmið, ábyrgð nemenda og foreldra. (1)
- Þurfa námsefni við hæfi, mæta áhuga þeirra. (1)
- Eru oft nemendur sem leiðist í skólanum. (1)
- Þeir eru bráðgerir sem skara fram úr í tiltekinni greind (1).
- Skara framúr á ákveðnum sviðum eða mörgum. (1)
- Misvægi á þroskaháttum, mjög háa greind, fara óhefðbundnar leiðir. (1)
- Þurfa ólík rými og fjölbreyttar leiðir í náminu. (1)
- Þurfa aukna valkosti í náminu. (1)
- Þörf á að skima fyrir bráðgerum börnum. (1)
- Athuga að leyfa þeim að fara út fyrir... dýpka áhugasvið þeirra. (1)
- Huga að sérþörfum (1).
- Sterk greind, frábært að mega tala um það.
- Hægt að mæla með Wisc?
- Verður að gera ráð fyrir þessum einstaklingi.
- Mikilvægt að hafa fjölgreindir í huga í þessari skilgreiningu.
- Of þröngt að meta aðeins út frá mælitækjum PISA.
- Hvað er að vera afburða á tiltekinni greind og hvernir skilgreinum við það? Kvarði í „sköpun“.

- Hvernig er þetta mælt og af hverjum?
- Sameiginlegt einkenni, góður málproski á því sviði sem eru bráðgerir á.
- Hægt að vera bráðgerir í afmörkuðu fagi.
- Erum við að einblína of mikið á bókina? Hvað með afburðahandlagna?
- Ótrúlegir hæfileikar ef til vill 1% nemenda, ef til vill á afmörkuðu sviði. Ekki endilega efstu nemendurnir, fljótferir?
- Svampar á þekkingu.
- Svólítið í ætt við asperger.
- Hvað með fjölmeningarbörnin?
- Þurfa námsefni og verkefni við hæfi, krefjandi og skapandi.
- Þörf fyrir að hitta aðra bráðgera nemendur.
- Þeir þurfa krefjandi verkefni.
- Dýpka þarf námsefni þeirra.
- Styrkja þarf þau félagslega, gæta vel að því að þau lendi ekki í einelti.
- Þeir hafa oft áhyggjur af heimsmálunum, fullkomnunarsinnar.

2. Hvað þarf að gera til að mæta þörfum bráðgerra nemenda í skólastarfinu varðandi nám og vellíðan og hverjir hafa þar verkefni?

- Greina þá sem fyrst til þess að halda „mótívasjóninni“ og stuðla að vellíðan. (15)
- Samráð við nemendur, hvað vilja þeir? (15)
- Byrja strax, sinna líka yngstu nemendunum. (14)
- Fá tækifæri til að vinna að krefjandi verkefnum, t.d. heimspeki, legó-keppni, nýsköpun (13)
- Styrkja þarf þau félagslega og efla þau einstaklingslega með jákvæðri atferlismótun með samvinnu heimila og starfsfólki skólans og annarra sérfræðinga. (12)
- Ákveðinn kennari þarf að hafa umsjón með bráðgerum börnum og verkum tengdum þeim. (11)
- Fjölbreyttar námsleiðir og námsumhverfi. (11)
- Það væri gott fyrir þau að hittast og vinna að sameiginlegu verkefni og efla félagsþroskann samhliða því. (8)
- Nota alla samfélags-„resorsa“, tónlist, myndlist, íþróttir til að halda þeim við efnið og blómstra. (6).
- Skólar geta sameinast og sótt um styrk til að framkvæma samstarfsverkefni fyrir bráðgera nemendur. (6)
- Náms- og starfsráðgjafar komi að málinu. (5)

- Fjölbreyttar leiðir í skólastarfi. (3)
- Kennarar hugi að verðugum verkefnum, virkja áhuga og styrkleika.
- Einstaklingsnámskrá fyrir bráðgera einstaklinga. (2)
- Framhaldsskólaáfangar (2).
- Einstaklingsnámskrá (2).
- Það þarf að „spotta“ þessa nemendur. (2)
- Gefa þeim tækifæri til að þróa eigin áhugasvið. (2)
- Ekki meira af því sama, heldur virðing fyrir tíma barnanna. (2)
- Búa til net/verkefnabanka milli skóla og sveitarfélaga. (2)
- Skólinn sýni sveigjanleika til að skapa úrræði og nýta möguleika utan skólans, fjárhagslega, í tíma, rými, tækni, gögn. (2)
- Hanna skilgreiningar og kvarða sem „fangar“ bráðgera nemendur á öllum greindum. (1)
- Auka samvinnuna milli kennara. (1)
- Mynda tengslanet milli bráðgerra nemenda, t.d. gegnum netið. (1)
- Greiningarúrræði. (1)
- Aukið samstarf við framhaldsskóla og háskóla. (1)
- Örva þau til að kafa dýpra, miðla þekkingu sinni. (1)
- Nýta reynslu kennara sem hafa náð árangri í vinnu með bráðgerum nemendum, t.d. 9,5+ á samræmdu prófi í 4. bekk. (Einstakir nemendur og einstakir kennarar). (1)
- Skák
- Félagsfærni.
- Símat einstaklingsmiðun, fjarnámsskóli grunnskólans, myndi nýtast langveikum nemendum á ferðalögum.
- Skilgreining á sérkennslu?
- Sleppa bekk.
- Hafa menntað fólk.
- Meira fjármagn.
- Erum við föst í kennsluháttum, námsefni?
- Hafa upplýsingaflæði innan skóla skilvirka m.t.t. þarfa bráðgerra nemenda, skilafundir milli stiga/áfanga.
- Virkja áhugahvöt nemenda.
- Passa vel upp á félagslegu hliðina.
- Skilgreina viðfangsefni stiga óháð aldri.
- Vantar upp á þjálfun og áherslur, verkfæri fyrir kennara.
- Dýpkun á þekkingu utan skóla. Rétt eins og leitað er að sérkennslubörnum.
- Nýta atvinnulífið, starfsnám.
- Örva félagslega þáttinn og fleiri þætti greindar, dýpka skilninginn.
- Greina hverjir nemendurnir eru.
- Sérkennsla.

- sjálfstæð verkefni.
- vinna með félagslega þáttinn.
- Markmiðsmiðað nám.
- Aukið val.
- Þeir sem hafa það verkefni eru kennarar/skólinn/ sérkennarar/foreldrar/námsráðgjafar/ skólasálfræðingur/sveitarfélögin.
- Efla sköpun.
- Skemmtilegir valáfangar.
- Hvetja til hópvinnu.
- Hafa prógramm sbr. DaVinci fyrir bráðgera > hafa skýra aðgerðaráætlun, hafa einstaklingsáætlun fyrir þau ... benda má á námskeið sem HÍ hefur staðið fyrir.
- Þau hafa oft mikla tónlistarhæfileika, stærðfræðinám liggur vel fyrir þeim.
- Lotukerfi hentar þeim mjög vel. Einnig leyfa þeim að fara hraðar í gegnum námsefni.

3. Hverjar eru skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna gagnvart bráðgerum nemendum?

- Sveitarfélögin sameinist um kennsluráðgjafa sem heldur utan um ráðgjöf til kennara varðandi bráðgeru börnin. (22)
- Sveitarfélagið setji sér ákveðna stefnu í þessum efnum. (14)
- Bráðgeru börnin oft komin í vandræði, það þarf ekki fleiri verkefni heldur verkefni við hæfi > áhuga. (12)
- Samstarf við símenntunarmiðstöðvar og háskóla. (9)
- Útfærsla stefnunnar fer inn í skólana. (8)
- Sveitarfélög verða að styðja skólana til að mæta bráðgerum nemendum hvar sem þau eru stödd. (6)
- Sama ábyrgð og skyldur og gagnvart öðrum nemendum. (5)
- Samstarfsnet skóla, t.d. vísindahópar. (5)
- Auka fjármagn til málaflokksins. (4)
- Þau þurfa verkefni sem kveikir í – en slekkur ekki fróðleikspörf. (3)
- Sveitarfélögin marka sér stefnu varðandi bráðger börn sem er framkvæmanleg. (3)
- Námskeið fyrir kennara. (3)
- Rannsóknir > skoða árangur af flýtingu. (3)

- Opna leiðir, t.d. til að fjármagna nám á framhaldsskólastigi fyrir bráðgera grunnskólanemendur utan og innan skólakerfisins, t.d. líkt í tónlistarskóla. (2)
- Greiningarferli, hvaða viðmið. (2)
- Setja í skólastefnu. (1)
- Eyrnamerkja með fjármagni. (1)
- Sér fjármagn, eingöngu ætlað fyrir bráðgera. (1)
- Fækka nemendum í hópum. (1)
- Meira fjármagn. (1)
- Sveitarfélögin þurfa að gera skólunum kleyft að sinna þeim með stefnumörkun. Pólitíkin má ekki sleppa. (1)
- Gera þeim kleift að taka fleiri frfahaldsskólaáfangi í grunnskólanum. (1)
- Ráðgefandi þjónustu við skólana (1).
- Samskiptahópar foreldra.
- Aukið fjármagn.
- Auka samstarf skóla.
- Kosta mönnun á skilgreiningum.
- Tryggja kostnað vegna „sérkennslu“ þessara nemenda.
- Aukið fjármagn eykur fjölbreytni í skólastarfinu.
- Líðan nemenda á ábyrgð sveitarfélaganna.
- Einblína á alla sem eru bráðger innar eins fags.
- Ekki ásættanlegt að læra vinnubrögð í námi fyrst í menntaskóla.
- Sérkennsla/sérfræðingateymi sem kemur inn í skólana.
- Skima fyrir skólaleiða og líðan > gripið strax inn í.
- Stærð bekkja hindrun til að mæta þessum hópi.
- Geta þjónustumiðstöðvar veitt einhverja aðstoð – teymi út í skólana?
- Hvetja kennara/skóla til að mæta bráðgerum nemendum.
- Skólaskylda til 18 ára.
- Þær sömu og gagnvart öðrum nemendum.
- Veita þeim tækifæri til að þróa styrkleika sína.
- Fjármagn.
- Stuðningur skólaskrifstofu við samstarf milli skóla.
- Koma til móts við þarfir þeirra og styrkja skólakerfið til þess.
- Fleiri gögn.
- Fleira fagfólk og markvissara samstarf þeirra á milli.